

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeygndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykkt um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015, skulu greiða árlega leyfisgjöld, sbr. 12. gr. í samþykkt nr. 912/2015 og samþykkt nr. 933/2015.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015, að upphæð kr. 14.574 á hvern hund. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Af köttum og öðrum gæludýrum nema hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 11. gr. samþykktar nr. 912/2015, að upphæð kr. 9.975 á hvern kött. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta og annarra gæludýra eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt nr. 933/2015 og samþykkt nr. 912/2015 á Seyðisfirði.

#### 4. gr.

Við afskráningu hunds, kattar og annarra gæludýra ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 5. gr.

Handsömunargjald, skv. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015 er kr. 16.800.

Þurfi að vista hund yfir nótt skal að auki greiða vörslugjald kr. 5.395 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Ef til aflifunar hunds kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunar-kostnað.

#### 6. gr.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald af hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötlúðu.

#### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015 og samþykkt um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Nr. 1287

18. desember 2015

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 375/2014.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. desember 2015.

*Seyðisfirði, 18. desember 2015.*

**Vilhjálmur Jónsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016